



Reykjavík, 12. nóvember 2024

MSS24110069

Borgarráð

Umsögn vegna tímabundins áfengisveitingaleyfis í tilefni útsendingar á boxbardaga þann 16. nóvember 2024 í Minigarðinum, Skútuvogi 2.

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12. nóvember 2024 um tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 05.00, aðfaranótt laugardagsins 16. nóvember nk. vegna veitingastaðarins Minigarðurinn, Skútuvogi 2 vegna beinnar sjónvarpsútsendingar á boxbardaga í Bandaríkjunum.

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 kemur fram í 17. gr. að sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftár en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa. Rekstrarleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi samkvæmt ákvæði þessu sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sem byggist á landnotkunarákvæðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er óheimilt að veita áfengi lengur en til kl. 01.00, nema aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Veitingastaðurinn er staðsettur á miðsvæði, á svæði þar sem gilda almennar heimildir og má lengst leyfa afgreiðslutíma áfengis til kl. 03:00, aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Umsóknin samræmist ekki þeim ákvæðum þar sem sótt er um veitingatíma áfengis til kl. 05.00 aðfaranótt laugardags. Í 4. mgr. 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er rekstrarleyfishafa þó heimilað að sækja um leyfi sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga. Verður talið að sá viðburður sem hér er um rætt geti fallið að þeirri heimild. Óskað var upplýsinga frá lögreglu um afstöðu til lengri opnunartíma vegna viðburðarins. Lögregla staðfesti að jákvæð umsögn lögreglu verður veitt vegna viðburðarins.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að borgarráð samþykki að veita jákvæða umsögn um tímabundið áfengisleyfi með vísan til 2. mgr. 17. gr. l. nr. 85/2007, til kl. 05.00 til Minigarðsins, Skútuvogi 2, aðfaranótt 16. nóvember nk.. Jákvæð umsögn borgarráðs er háð því að aðrar lögbundnar umsagnir séu einnig jákvæðar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík